

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Heiðarbyggðar í landi Ásatúns.*
Í breytingunni felst að eldri skilmálum er breytt þar sem fram kemur að hámarksstærð frístundahúss er 90 m². Byggingarmagn miðast nú við hámarksnýtingarhlutfall upp á 0,03 og þar af er heimilt að vera með allt að 30 m² aukahús.
Samþykkt í sveitarstjórn 25. júní 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Holtabyggð úr landi Syðra-Langholts IV.*
Í breytingunni felst að byggingarreitur á lóðum 101 – 109 stækka. Aðrir skilmálar haldast óbreyttir.
Samþykkt í sveitarstjórn 2. september 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 17. nóvember 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.